# TMB – Gengið umhverfis Mont Blanc

## Gönguferð - 15 dagar/14 nætur

**Tímabil ferðar:** 26. júní - 10. júlí 2019

**Mont Blanc** (Mont Blanc á frönsku / Monte Bianco á ítölsku / Hvíta fjallið á íslensku) er hluti af Graian Ölpunum og er hæsta fjallið þar, og um leið hæsti tindur vestur- Evrópu (4810m). Þessi mikli fjallgarður kallar árlega til sín tugþúsundir fólks sem upplifir frelsi og fegurð fjallanna við útivist af ýmsum toga og á öllum árstímum.

**Umhverfis** Mont Blanc og hans helstu nágranna fjöll, sem flest eru vel yfir 3000m á hæð, liggur ein allra vinsælasta gönguleið Evrópu; **Tour du Mont Blanc - TMB.** Farið er á nokkrum dögum um fjallaskörð og djúpa dali á vel merktum stígum, þar sem á hverjum degi blasa við tignarlegir tindar og önnur hrikaleg náttúrufegurð.

**Heildarlengd TMB** er nálægt 165 km, en fararstjórarnir bjóða alltaf, ef þörf er á og þar sem því verður við komið, uppá að stytta og/eða létta dagleiðina ef einhver vill eða þarf að spara sér nokkur spor.

**Erfiðleikastig** dagleiðanna er miðlungs til frekar erfitt og ferðin hentar flestu vönu göngufólki. Þó ber að hafa í huga að þeim sem eru mjög viðkvæmir fyrir lofthræðslu er síður ráðlagt að koma með í þessa ferð! Athuga ber að **þetta er ekki „trúss“ ferð**; þátttakendur bera farangur sinn sjálfir á milli gististaða og hámarksþyngd bakpoka verður takmörkuð við 7 kg.! **Gist verður** á hótelum, gistihúsum og fjallaskálum, eftir því hvar verið er hverju sinni, og allt frá eins til tveggja manna hótelherbergjum með uppbúnum rúmum yfir í rúmstæði í kojum þar sem eingöngu eru lak og teppi, og þá verið í smærri eða stærri herbergjum eða í sal þar sem að allur hópurinn gistir saman.

**Fararstjórar** verða þau **Melkorka Jónsdóttir** og **Kjartan Long** sem bæði hafa haldgóða reynslu af útvist og ferðamennsku, bæði innanlands og utan, og einnig af skipulagningu og leiðsögn á göngu- og hjólaferðum. Þau hafa bæði m.a. lokið fagnámskeiðum í Ferðamennsku og rötun, Fyrstu hjálp og Wilderness First Responder.

**Lágmarks** fjöldi 8 manns, hámark 14.

## Ferðaáætlun:

### Dagur 1 - miðvikudagur, 26. júní

### Flogið til Genfar

Flogið með Icelandair til Genf í Swiss og við tekur uþb. 1 ½ - 2 klukkustunda akstur til hótels í fjallabænum Les Houches sem er í frönsku Ölpunum.

### Dagar 2 til 13 - fimmtudagur, 27. júní til mánudags, 8. júlí

### TMB – Tour du Mont Blanc

Lagt verður af stað í 12 daga gönguferð (11 göngudagar + 1 hvíldardagur) strax að morgni fimmtudagsins. Upp, fram, yfir, niður, - og svo upp aftur – um **þrjú lönd, Frakkland, Ítalíu og Swiss!**

Hrikaleg náttúrufegurð nær og fjær og ótalmargt að sjá og upplifa; háir tindar og djúpir dalir, grjóturðir og göngustígar, býflugur og blómaengi, fossar og fannir, kýr og köngulær, vegir og vötn, hótel og hengibrýr, geitur og gistiskálar, múrmeldýr við holur sínar, fuglar á flugi, fólk á göngu – já endalaust eitthvað áhugavert að sjá og upplifa!

Aldrei er farið hraðar en svo að allir sem eru í þokkalega góðu gönguformi eiga að ráða vel við dagleiðirnar, sem vissulega geta tekið vel í þegar farið er um brött fjallaskörðin, - en það fæst líka vel borgað til baka í upplifun í þessum dásamlega fjallasal!

Skálarnir sem gist verður í eru við gönguleiðina, í dölum eða úti á brekkubrúnum og allstaðar er sama þægilega viðmótið og gestrisnin, góður matur og ljúfar veigar.

**Mánudaginn 1. júlí** verður tekinn einn frídagur í hinum fallega, fjöllum girta Alpabæ Courmayeur sem hefur titilinn „hæsta bæjarfélag á Ítalíu“.

Göngunni lýkur síðan í Les Houches/Chamonix um miðjan dag á mánudegi viku síðar.

### Dagur 14 - þriðjudagur, 9. júlí

### Chamonix og nágrenni

Þessi dagur verður notaður í afslöppun eða bæjarrölt, - eða í útsýnisferð upp í hlíðar Mont Blanc -, allt eftir áhuga hvers og eins. T.d. fer einn þekktasti kláfurinn á svæðinu upp á tindinn á Aiguille du Midi (3842m), en þaðan er stórkostlegt útsýni!

### Dagur 15 - laugardagur, 10. júlí

### Heim á leið

Eftir morgunmatinn er lagt af stað til flugvallarins í Genf ...

## Þjónusta & verð

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Innifalið í verði ferðar:** | Flug | **26.06.2019:** Flug FI 564 Keflavík – Genf, brottför 07:20 lending 13:00<br>**10.07.2019:** Flug FI 565 Genf – Keflavík, brottför 14:00 lending 15:50<br>*Vinsaml. athugið að flugtímar geta breyst.* | |
| | Gisting | 5 nætur á hótelum (1 í Les Houches og 2 í Chamonix í Frakklandi og 2 í Courmayeur á Ítalíu) / 9 nætur á gistihúsum og í fjallaskálum (kojur) | |
| | Matur | Morgunverður: | Innifalið – Alla morgna |
| | | Hádegisverður: | Ekki innifalið |
| | | Kvöldverður: | Innifalið – 9 kvöldverðir í fjallaskálum - ekki á hótelunum í Les Houches og Chamonix (3 kvöld) og Courmayeur (2 kvöld) |
| | Ferðir og flutningar | Allur akstur og aðrir flutningar sem þarf til að fylla inn í áætlun ferðar. | |
| | Fararstjórn | Melkorka Jónsdóttir og Kjartan Long<br>Fundur með fararstjórum fyrir ferðina | |
| **Ekki innifalið:** | Drykkir með kvöldmat á gististöðunum<br>Aðgangseyrir á söfn o.þ.h.<br>Kláfar og almenningssamgöngur (strætó) til að stytta dagleiðir<br>Lakpokar til að nota í kojunum<br>Annað það sem ekki er talið upp í „innifalið" | | |
| **Verð:** | Verð á mann í tveggja manna herbergi | 369.900,- staðgreitt | |
| | Verð á mann í eins manns herbergi | 399.900,- staðgreitt | |
| **Greiðslur og gjalddagar:** | **Staðfestingargjald:**<br>Staðfestingargjald ISK 75.000 þarf að greiða innan 7 daga frá pöntun. Athugið að staðfestingargjald fæst ekki endurgreitt ef til afbókunar af hálfu viðskiptavinar kemur. | **Lokagreiðsla:**<br>Til að staðgreiðsluverð gildi þarf að greiða ferð að fullu í síðasta lagi 8 vikum fyrir brottför, annars hækkar verð um 5%. | |

**Ábendingar:**

Lágmarks þátttaka er 8 manns. Ferðaskrifstofan Íslandsvinir áskilur sér rétt til að hætta við ferð átta vikum fyrir brottför ef þátttaka er ekki næg og mun þá endurgreiða að fullu.

Ferðaskrifstofan Íslandsvinir og fararstjórar hennar áskilja sér allan rétt til að breyta áætlunum ferða ef veður, umferð og/eða ástand vega, eða aðrar ófyrirsjáanlegar aðstæður gefa tilefni til.

Forfallatrygging er ekki í boði í sérferðum ferðaskrifstofunnar. Í mörgum tilfellum er forfallatrygging innifalin í skilmálum greiðslukorta og/eða heimilis- og fjölskyldutrygginga fólks og er viðskiptavinum bent á að hafa samband við banka sinn eða tryggingarfélag til að kanna stöðu mála. Verð ferðar er háð almennum gengisbreytingum, en breytist ekki eftir að hún er að fullu greidd.

Fjallakofinn-Ævintýraferðir / Íslandsvinir eru með skilmála sem unnið er eftir varðandi alferð sem þessa og lesa má um hér: http://ferdir.fjallakofinn.is/is/page/skilmalar

Frekari upplýsingar og skráning í síma 510 9500 eða sendið fyrirspurn á ferdir@fjallakofinn.is
Farþegar í ferðum Íslandsvina fá sérkjör í útivistarvöruverslunum **„Fjallakofans"** í Hafnarfirði og Reykjavík.